

**Nd.**

**439. Frumvarp til laga**

[190. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 10 25. marz 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—1967).

**1. gr.**

7. gr. laganna orðist svo:

Vilji meiri hluti ábúenda eða eigenda jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða  $\frac{4}{5}$  hluta stofnkostnaðar girðingarinnar, en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða  $\frac{1}{5}$ . Ef ágreiningur verður um framkvæmd verksins, fer um það eins og segir í 5. gr. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður allra girðinga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður nema þeirra girðinga, er vegagerðin setur upp (sbr. 9. gr.), þar hera viðkomandi bændur viðhaldskostnaðinn, nema girðingin sé eingöngu í þágu vegarins, sbr. 9. gr.

Nú er landamerkjagirðing, sem kostuð hefur verið eftir öðrum hlutföllum en um getur í 5. gr., og skal þá viðhald hennar falla undir fyrirmæli 5. gr., eftir að lög þessi hafa öðlazzt gildi.

**2. gr.**

Lög þessi öðlazzt þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram samkvæmt ósk stjórnar Búnaðarfélags Íslands og síðasta Búnaðarþing samþykkti svofellda ályktun um málið:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að beita sér fyrir því, að svofelld breyting verði gerð á girðingalögum nr. 10 frá 1965:

Að inn í 7. gr. laganna á eftir orðunum „eins og segir í 5. gr.“ komi ný setning: Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða.

Framhald greinarinnar komi síðan óbreytt“.